

Minn staður í Snæfellsbæ

Skólaárið 2021-2022


Nemendur völdu sér stað í Snæfellsbæ sem hefur einhverja þýðingu fyrir þau á einhvern hátt, skrifuðu um hann, bjuggu til kynningu og kynntu svo staðinn fyrir samnemendur sínum í ferð sem farin var núna í lok maí um Snæfellsbæ. Meðal staða sem nemendur í 10. SJS halda mest upp á eru eftirfarandi.

Skógræktin í Ólafsvík

Skógræktin í Ólafsvík er minn uppáhaldsstaður hér í Snæfellsbæ. Ástæðan fyrir því er að staðurinn er falleg náttúruperla sem búið er að byggja upp sem útivistarparadís með fallegum gönguleiðum þar sem fjölskyldu minni finnst gaman að ganga um og eyða tíma saman í útiveru. Það er ekki síðra að fara í göngu í skóginum að kvöldi til með vasaljós eða lukt. Þegar ég fermdist voru fermingarmyndirnar af mér teknar í skógræktinni. Skógræktin er staðsett fyrir aftan Ólafsvík í dal, rétt vestan við tjaldsvæðið, um dalinn liggur reiðvegur sem ég fer oft um á hestum. Á síðustu árum er búið að setja upp bekki sem smíðaðir eru úr trjám sem tekin voru úr skóginum. Einnig er búið að setja upp brýr yfir læki sem renna í gegn um skógræktina, koma fyrir tröppum og planta um 30.000 nýjum plöntum af ýmsum gerðum.



Djúpalónssandur



Djúpalónssandur á sunnanverðu Snæfellsnesi er minn uppáhaldsstaður. Hann er mjög fallegur staður og hefur að geyma einhverja töfra sem ég get ekki lýst. Djúpalónssandur er inn í grunnri vík með klettum á hvora hönd. Innarlega í víkinni er frekar sérstakur klettur sem heitir Gataklettur og fyrir neðan hann er tjörn sem nefnist Svörtulón. Við endan á

Gatkletti eru fjórir steinar svo kallaðir afraunasteinar og nefnast þeir Fullsterkur og vegur hann 155 kg, Hálfsterkur 100 kg, Hálfdrættingur sem er 49 kg og léttasti steinninn heitir Amlóði sem er aðeins 23 kg. Í fjörunni í Djúpalóni eru svartir slípaðir steinar sem frænka mín notar í skartgripi sem hún smíðar. Hún þurfti að fá leyfi frá landverði til að fá að taka steina þar því efnistaka er ekki leyfð nema með sérstöku leyfi því að Djúpalónssandur er innan Þjóðgarðsins Snæfellsjökuls.

Arnarstapi - Bárður Snæfellsáss

Arnarstapi er minn uppáhaldsstaður í Snæfellsbæ, þar eru margar skemmtilegar gönguleiðir, fallett fuglalíf og hægt er að njóta góðs matar. Við fjölskyldan mín förum oft þangað til að njóta þess að vera saman. Arnarstapi er lítið þéttbýli á Sunnanverðu Snæfellsnesi undir fjalli sem heitir Stapafell á milli Hellna og Breiðuvíkur.

Á Arnarstapa er gamalt Amtmannshús sem var reist árið 1874 og er eitt af elstu húsbyggingu á Íslandi.

Besta lendingin á Snæfellsnesi fyrr á öldum var á Arnarstapa og þar var byggð lítil höfn. Danir voru með einokunarverslun á staðnum allt til ársins 1822.

Á Arnarstapa er hlaðinn minnisvarði um Bárð Snæfellsás eftir myndhöggvarann Ragnar Kjartansson. Bárður Snæfellsás er aðalsöguhetja í fornsögunni *Bárðar saga Snæfellsáss*, sagan er í raun ævintýrasaga. Talið er að sagan sé rituð á síðari hluta 14. aldar.



Tröð Hellissandi

Tröð er gamall skógarlundur sem var ræktaður af Kristjóni Jónssyni við erfiðar aðstæður. Skógurinn er rétt sunnan við þjóðveginn sem liggur í gegnum Hellissand. Tröð er umlukt hraunkambi og hlöðnum grjótveggjum. Í Tröð er góð aðstaða til að leika sér í náttúrunni og njóta fagurs útsýnis þar sem Snæfellsjökull blasir við í góðu skyggni. Í Tröð er steingrill, borð og bekkir sem almenningur getur nýtt sér. Þar eru einnig fínir stígar milli trjá og tilvalið í léttar gönguferðir. Þegar gengið er inn í Tröð er lítil hóll á vinstri hönd sem Kristjón nefndi Stapa. Kristjón sagði að hóllinn væri fullur af huldufólki.

15. júní árið 2006 var Tröð formlega vígð sem opinn skógur af Einar K. Guðfinnsson þáverandi sjávarútvegsráðherra með formlegri athöfn. Einar gróðursetti fallega hlynplöntu í tilefni vígslunnar.

Þetta er einn af uppáhalds stöðunum mínum hér í Snæfellsbæ því að alltaf þegar ég var yngri og enn í dag fer ég þangað að leika mér og grilla með fjölskyldunni og þetta er orðin hefð hjá okkur og þarna sköpum við skemmtilegar minningar sem lifa með okkur.